



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Samtök fjármálafyrirtækja
Vt. Guðjón Rúnarsson framkvæmdastjóri
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. júlí 2010
Tilv.: 1006025

1.

Þann 22. júní sl. barst bréf frá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Í því kemur fram að í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 92 og 153/2010 sem kveðnir voru upp þann 16. júní síðastliðinn hafi skapast réttaróvissa um lögmæti samningsákvæða tiltekinna samninga sem gerðir hafa verið af aðildarfélögum SFF. Jafnframt segir í bréfinu að SFF telji nauðsynlegt að vinna að sameiginlegum lausnum við þeim vanda sem dómar Hæstaréttar kunni að skapa SFF og aðildarfélögum SFF.

Í svarbréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. júní sl., kemur fram að eftirlitið geri ekki athugasemdir við viðræður innan SFF á þeim grunni sem lýst var í bréfinu. Var tekið fram að yrði niðurstaða framangreindra viðræðna að tillögur mótist um frekara samstarf, sameiginlegt verklag fjármálafyrirtækja eða formlegs samkomulags teldi Samkeppniseftirlitið rétt að sótt yrði um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga þar sem Samkeppniseftirlitinu verður gerð grein fyrir umræddu samstarfi og það nánar rökstutt m.t.t. 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga.

2.

Með bréfi, dags. 5. júlí 2010, óskaði SFF eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga vegna fyrirhugaðrar yfirlýsingar um að greiðslur húsnæðislána í erlendri mynt verði lækkaðar og festar tímabundið. Sagt er að í þessu felist að SFF muni „*beina því til aðildarfélaga sinna að bjóða einstaklingum að innheimta tímabundið fasta og samræmda fjárhæð af húsnæðislánum í erlendri mynt og öðrum erlendum lánum einstaklinga með veði í fasteign í reglulegu endurgreiðsluferli. SFF leggja til að miðað verði við að greiddar verði mánaðarlega 5.000 krónur af hverri milljón upphaflegs höfuðstóls. Gert er ráð fyrir að það úrræði standi öllum þeim til boða sem eru með erlend íbúðalán og einstaklingum sem eru með erlend lán með veði í fasteign, óháð útgáfudegi láns, tegund erlendar myntar og fyrri greiðslubrýði.*“

Framangreint er sagt vera í samræmi við tilmæli Talsmanns neytenda og að þessi leið sé mun hagfelldari lántökum „*en ef miðað er við vexti Seðlabanka skv. vaxtalögum, eins og*



tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins gera ráð fyrir." Færð eru fyrir því rök í bréfinu að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga séu uppfyllt.

3.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað, séu bannaðir. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála og önnur viðskiptakjör, skiptingu á mörkuðum og upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni.

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í lögskýringagögnum kemur fram að í ákvæðinu „*sé hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga ...*“ . Ljóst er samkvæmt þessu að brot á 12. gr. felur í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að nokkru leyti fram í öðrum ákvæðum samkeppnislaga, s.s. 10. gr. Tekur bann 10. gr. jafnframt til samtaka fyrirtækja en í 12. gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum.

Fyrir liggur í máli þessu að vilji SFF stendur til þess að samræma tiltekin viðskiptakjör og skilmála aðildarfyrirtækja. Þetta eru meðal þeirra atriða sem hver og einn keppinautar verður að ákveða sjálfstætt í starfsemi sinni. Fellur þessi samræming því ljóslega undir ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Kemur því til skoðunar hvort ákvæði 15. gr. samkeppnislaga eigi við í málinu.

4.

Á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.;

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efling tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.*

Að meginstefnu verður undanþága því aðeins veitt að hún geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði laganna, sbr. 1. gr. Unnt er að setja skilyrði fyrir undanþágu.

Varðandi mat því hvort veita beri undanþágu í þessu máli ber fyrst að líta til þess að fjármálastarfsemi gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagslífinu. Hún gegnir afgerandi hlutverki fyrir starfsemi á öðrum mörkuðum og í efnahagskerfinu í heild. Í þessu ljósi er



mikilvægt að sem mest samkeppni ríki á fjármálamarkaði. Því ber ekki að veita undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess.

Samkeppniseftirlitið getur fallist á að fyrir hendi séu tímabundnar óvenjulegar aðstæður sem kalli á að SFF hafi svigrúm til setningar tilmæla í því skyni að eyða óvissu sem getur haft í för með sér skaðleg áhrif. Skiptir hér máli að tilmæli SFF eru ekki bindandi fyrir aðildarfyrirtæki og geta þau, ef þau svo kjósi, boðið sínum viðskiptavinum aðrar lausnir. Ennfremur liggur byggja þau tilmæli sem liggja til grundvallar undanþágubeiðninni á tilmælum Talsmanns neytenda. Ætla verður að með því sé komið til móts við lántakendur. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru því lagaskilyrði fyrir því að veita SFF undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga til að gefa út þau tilmæli sem lýst er í bréfi félagsins frá 5. júlí sl. Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir undanþágunni:

1. Undanþágan gildir til 1. nóvember 2010. SFF getur óskað eftir því að frestur þessi verði lengdur ef félagið telur að umræddri óvissu hafi ekki verið eitt þegar fresturinn rennur út.
2. SFF er óheimilt að fjalla um eða takmarka möguleika aðildarfyrirtækja til þess að veita viðskiptavinum önnur kjör eða skilmála en felast í yfirlýsingunni.
3. Aðildarfyrirtæki SFF skulu fyrir 15. september gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir því hvaða breytingar þau hafa gert á kjörum og skilmálum í viðskiptum sem tengjast efni yfirlýsingar SFF.

Framangreind undanþága til handa SFF tekur gildi í dag.

Páll Gunnar Pálsson

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Snorri Stefánsson